

Nd.

47. Frumvarp

til laga um undanþágu skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps.

Film.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Skólar, sjúkrahús og aðrar menningar- og mannúðarstofnanir, sem reknar eru fyrir almannafé, skulu undanþegnar greiðslu á afnotagjaldi því til útvarps, er greinir í 6. gr. laga nr. 31, 7. maí 1928.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta lá fyrir síðasta Alþingi, og fylgdi því þá svolátandi greinargerð, sem engu er við að bæta:

Í 6. gr. laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, er svo fyrir mælt, að ríkisstjórnin skuli ákveða afnotagjald fyrir hvert viðtæki. Er þar ekki gert ráð fyrir, að nokkru sinni — hver sem í hlut á — sé veitt undanþága frá þessu gjaldi eða ivilnun á því. Á síðasta þingi var útvarpslögum breytt nokkuð, en þó í engu, er þetta atriði

snertir. Mælir þó öll sanuginni með því, að skólar, sjúkrahús og aðrar slíkar stofnanir séu undanþegnar afnotagjaldinu, enda er það að taka úr öðrum vasanum og leggja í hinn, að skattleggja opinberar stofnanir til útvarpsins. Einstakar greinir frv. þurfa eigi skýringa.